

## 24. gr.

Seðlabanki Íslands hefur með höndum vörslu Tryggingarsjóðs. Um þóknun fyrir vörslu sjóðsins fer samkvæmt samningi stjórnar og Seðlabanka Íslands.

## 25. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er bundin þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

## 26. gr.

Ákvæði III., IV. og V. kafla þessarar reglugerðar eiga við um Tryggingarsjóð sparisjóða eftir því sem við getur átt.

## 27. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 97. gr. og með vísan til X. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 54 31. janúar 1986, um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, ásamt síðari breytingum.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar gildir til 31. desember 1999.

*Viðskiptaráðuneytinu, 6. janúar 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

**AUGLÝSING**

**um skrá Stykkishólmsbæjar um störf þau, sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

*Áhaldahús:*

Bæjarverkstjóri.

Aðstoðarverkstjóri (staðgengill bæjarverkstjóra).

*Bæjarskrifstofa:*

Launafulltrúi.

*Dvalarheimil aldraðra:*

Forstöðumaður.

*Stykkishólmshöfn:*

Yfirhafnarvörður (staðgengill hafnarstjóra).

*Stykkishólmi, 6. janúar 1997.*

**Ólafur Hilmar Sverrisson** bæjarstjóri.